



## Reglur undanfara FBSR

1. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR bera ábyrgð gagnvart stjórn FBSR á fjallaflokki og undanförum/undanrennum FBSR.
3. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR skulu tryggja að undanfarahópur FBSR uppfylli kröfur landsstjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Sjá viðhengi nr 1.
2. Til að verða undanfari FBSR þarf viðkomandi að ljúka og standast eftirtalin þrjú fagnámskeið á vegum Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

1 Wilderness First Responder

2 Fagnámskeið í fjallamensku

3 Fagnámskeið í fjallabjörgun/e. Rigging for rescue

Þó svo að réttindi WFR falli úr gildi eftir ákveðinn tíma missir viðkomandi undanfari ekki rétt á að starfa sem undanfari með undanfaraflokki FBSR, en æskilegt er að undanfari haldi réttindum sínum gildum með reglulegum endurmenntunámskeiðum.

Einnig þarf viðkomandi að hafa starfað með undanfara flokki FBSR sem undanrenna í 2 samfelld ár.

3. Undantekning verður á reglum undanfara fram til 1. september 2019 og er sú undantekning að einungis þarf að hafa staðis tvö af þremur framantöldum skyldunámskeiðum og að hafa starfað með undanfaraflokki í tvö ár til að gerast gjaldgengur undanfari FBSR. Þessi regla fellur úr gildi 1. september 2019 og verður allra þriggja framantaldra námskeiða krafist eftir þann tíma.
4. Til að fá að starfa með undanfara flokki FBSR og gerast undanrenna þarf viðkomandi að fá samþykki flokkstjóra fjallaflokks FBSR.
5. Allar fyrirspurnir til undafarahóps FBSR skulu sendar á netfangið undanfarar@fbsr.is
6. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR skulu halda stjórn FBSR upplýstri um hverjir eru undanfarar og hverjir eru undanrennur á hverjum tíma með réttri skráningu á nöfnum þeirra sem starfa sem undanfarar og þeirra sem starfa sem undanrennur, ásamt skráningu á því hvaða námskeiðum hver og einn hefur lokið.
7. Það er á ábyrgð hvers og eins björgunarmanns að tilkynna flokkstjóra fjallaflokks FBSR hvaða námskeiðum viðkomandi hefur lokið og skal það gert eins fljótt og auðið er. Tilkynning berist á netfangið undanfarar@fbsr.is

8. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR tilkynna í upphafi og um mitt starfsár hverjir verða undanrennur og hverjir verða undanfarar komandi tímabilis. Skal það gert með skriflegum hætti ásamt símatali til viðkomandi björgunarmanns til að tryggja að þessar upplýsingar komist til skila. Samtímis skal tilkynna stjórn FBSR um stöðu viðkomandi björgunarmanns.

Flokkstjórar fjallaflokks skulu auglýsa á innri vef FBSR í upphafi starfsárs og á miðju starfsári að hægt sé að sækja um að gerast undanrenna .

Umsókn berist á undanfarar@fbsr.is

Það er á valdi flokkstjóra fjallaflokks FBSR að hafna eða samþykkja slíkar umsóknir.

Komi til ágreinings um samþykktaverli undanrenna skal það boríð undir stjórn FBSR og lausn fundin á ágreiningnum í samvinnu flokkstjóra fjallaflokks FBSR og stjórnar FBSR.

9. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR skulu sjá til þess að allar þær upplýsingar sem við koma floknum svo sem dagskrá, meðlimalisti, fundargerðir, bókhald, pantanir o.fl. séu aðgengilegar meðlimum hópsins.
10. Til að fá að taka þátt í samæfingum með undanförum á svæði 1 þurfa viðkomandi undanrennur að fá leyfi flokkstjóra fjallaflokks FBSR.
11. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR skulu vinna með ötulum hætti að því að koma undanförum, sem þess óska, inn á þyrlulista LHG.
12. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR áskilja sér rétt til að krefjast þess hjá stjórn FBSR að undanfari sem ekki hefur starfað í 2 ár með floknum verði tekinn af skrá FBSR sem undanfari. Óski viðkomandi eftir því að fara að starfa aftur með undanfaraflokki FBSR skal hann kynna sér vel þær breytingar og uppfærslur sem orðið hafa á tækni og búnaði.  
Flokkstjórum fjallaflokks FBSR ber að tryggja að viðkomandi sé með öll réttindi sem þarf til að vera undanfari skv. gildandi reglum, og nægilega reynslu, áður en viðkomandi er settur aftur á úkallsskrá sem undanfari.
13. Flokkstjórar fjallaflokks FBSR skulu tryggja að allur útkalls og æfingabúnaður til fjallabjörgunar sé í ásættanlegu ásigkomulagi öllum stundum.
14. Reglur undanafara FBSR og allar breytingar á reglum þessum þurfa að samþykkjast af stjórn FBSR og skal það gert með skriflegum hætti.

FH Stjórnar FBSR

Hlynur Þórarinsson

FH Fjallaflokks FBSR

Gunnlaugur Hafsteinsson

Haukur Elís

Magnus J. Sveinsson



## Kröfur og starfsumgjörð undanfarahópa

### Markmið

Markmið þessa skjals er að skilgreina og útlista kröfur til undanfara og undanfarahópa varðandi: Hæfni, menntun, útbúnað, viðbragðstíma og þjálfun.

### Skilgreining undanfarahóps

Undanfarar er hópur sem er hæfur til leitar og björgunar í fjallendi og öðrum erfiðum aðstæðum á landi. Hópinn skal skipa að lágmarki 6 einstaklingum sem hafa mikla þekkingu á leit og björgun og eru tilbúnir að bregðast við hjálparbeiðni með stuttum fyrirvara.

### Menntunarkröfur

Þjálfun félaga í undanfarahópum skal vera þannig háttar að a.m.k:

- 1/2 félaga hafi lokið námskeiði í Vettvangshjálp í óbyggðum (WFR)
- 2/3 félaga hafi lokið fagnámskeiði í fjallabjörgun
- 1/3 félaga hafi lokið fagnámskeiði í snjóflóðum
- 1/3 félaga hafi lokið fagnámskeiði í leitartækni
- 1/3 félaga hafi lokið sérstakri þjálfun í rústabjörgun (Rústabjörgun 1)
- 1/3 félaga hafi lokið sérstakri þjálfun í straumvatnsbjörgun
- Hópurinn skal hafa innan sinna raða hæfa einstaklinga í vetrangsstjórnun

Hafi félagi lokið sambærilegu námskeiði og listuð eru hér að ofan er það á ábyrgð Björgunarskóla SL að meta hvort þau námskeið séu til jafns við fyrrgreind námskeið í menntunarkröfunum.

Hópmeyðlimir skuli vera virkir í að miðla reynslu innan sem utan hópsins sem og að sækja sér endurmenntun.

### Hæfniskröfur undanfara

Vera a.m.k. 20 ára. Hafa starfað sem fullgildur félagi í björgunarsveit í tvö ár, vera Björgunarmaður 1 og hafa lokið fagnámskeiði í fjallamennsku og námskeiðinu Fjallabjörgun 1. Til að verða undanfari þarf viðkomandi að uppfylla viðmiðunarkröfur undanfarahópa um persónulega hæfni og reynslu sem í gildi eru hverju sinni.

### Viðbragðstími

Hópurinn þarf að vera þannig skipulagður að viðbragðstími við útkall sé sem skemmstur. Því þarf að tryggja að búnaður hópsins sé ávallt til taks í bækistöð.

### Þjálfun

Undanfarahópar skulu æfa reglulega til að viðhalda þekkingu sinni. Hóparnir skulu eins og kostur er æfa saman til að tryggja samræmd samskipti og aðferðir.

## Útbúnaður

### Einstaklingsbúnaður

Hver undanfari verður að hafa meðferðis í útkall útbúnað og mat til að taka þátt í leit eða björgun í a.m.k. sólarhring við erfiðar aðstæður þar sem lítil eða enginn utanaðkomandi aðstoð er möguleg. Hver undanfari verður að hafa búnað til snjóflóðaleitar (snjóflóðaylí, stöng og skóflu) og búnað til vetrarfjallamennsku (mannbroddar, ísaxir). Að auki verður hver undanfari að hafa í útkalli fjarskiptabúnað, VHF eða TETRA.

Hver einstaklingur verður að hafa meðferðis eftirfarandi fjallabjörgunarbúnað í útkalli:

Hjálm	1x 10m af 8mm prussik
Klifurbelti	1x stutt tandem prussik (135cm langt fyrir hnút)
Amk 4 læstar karabinur	1x langt tandem prussik (165cm langt fyrir hnút)
Sigtöl	1x 3,5 metra borði, 25mm, óbundinn (gulur)
2x línuhjól	1x 5 metra borði , 25mm, óbundinn (blár)

## Búnaður hópsins

Undanfarahópur verður að hafa yfir að ráða fyrir útköll:

Sérhæfðan búnað til fjallabjörgunar	Neyðarskýli (e.tarp)
-tryggingar fyrir kletta, ís og snjó	Björgunarlínur (11mm)
-börur til fjallabjörgunar	Hver hópur ræður samsetningu lina en skulu hafa að
-búnaður hópsins skal miðast við að vinna við	lágmarki 280m af linum. Linulengdir eru 70m, 140m
fjallabjörgun með tvöföldu kerfi (með aðal og	eða 210m.
öryggislinu)	GPS tæki á hverja 3 og kort af sínu heimasvæði
Sérhæfð sjúkragögnum	Öflug leitarljós
Búnað til ummónumnar sjúklinga í óbyggðum	
(teppi/svefnpoka)	

## Formannaráð undanfara

Formannaráð samanstendur af formönnum allra undanfarahópa á landinu. Ráðið annast skipulagningu samæfinga og samhæfingu aðferða í fjallabjörgun. Ráðið sér einnig um samskipti við Landsstjórn og aðra aðila varðandi umgjörð og málefni sem varða undanfarahópana. Auk þess stuðlar ráðið að viðhaldi og dreifingu þekkingar í fjallabjörgun.

## Hlutverk Landsstjórnar björgunarsveita gagnvart undanförum

Landsstjórn björgunarsveita, í samráði við formannaráð undanfara, fer yfir og uppfærir ef þörf er á kröfur og umgjörð undanfarahópa að lágmarki á þriggja ára fresti. Landsstjórn heldur einnig lista yfir meðlimi undanfarahópa. Landsstjórn tekur út og samþykkir eða hafnar undanfarahópum, að lágmarki á tveggja ára fresti.



Hópméðlimir skuli vera virkir í að miðla reynslu innan sem utan hópsins sem og að sækja sér endurmenntun.

### **Hæfniskröfur undanfara**

Vera a.m.k. 20 ára. Hafa starfað sem fullgildur félagi í björgunarsveit í tvö ár, vera Björgunarmaður 1 og hafa lokið fagnámskeiði í fjallamennsku og námskeiðinu Fjallabjörgun 1. Til að verða undanfari þarf viðkomandi að uppfylla viðmiðunarkröfur undanfarahópa um persónulega hæfni og reynslu sem í gildi eru hverju sinni.

### **Viðbragðstími**

Hópurinn þarf að vera þannig skipulagður að viðbragðstími við útkall sé sem skemmstur. Því þarf að tryggja að búnaður hópsins sé ávallt til taks í bækistöð.

### **Þjálfun**

Undanfarahópar skulu æfa reglulega til að viðhalda þekkingu sinni. Hóparnir skulu eins og kostur er æfa saman til að tryggja samræmd samskipti og aðferðir.